

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja skýrar reglur og vönduð vinnubrögð í eineltis, áreitis og ofbeldismálum er upp kunna að koma í Tækniskólanum. Að brugðist sé við slíkum málum og úr þeim unnið á faglegan hátt. Verklagsreglan gildir um öll eineltis, áreitis og ofbeldismál sem upp kunna að koma meðal starfsmanna í skólanum í ferðum eða samkomum á hans vegum.

Ábyrgðir

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á a**ð verklags**reglan sé uppfærð, henni viðhaldið og að unnið sé samkvæmt henni
Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsfólk í þeirra skóla **/ þeirra dei**ld starfi eftir verklagsreglunni
Starfsfólk ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni

Lýsing verkþátta

1 Starfsmaður – Tilkynnir/trúnaðarsamtal

Starfsmaður hefur grun um, vissu fyrir, eða verður sjálfur fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi og getur:

1) tilkynnt málið til mannauðsstjóra.
2)leitað eftir trúnaðarsamtali við mannauðsstjóra um málið. Í framhaldi af því getur viðkomandi ákveðið að tilkynna málið eða óska eftir að málið verði tekið til meðferðar ef svo ber undir. (aðeins meintur þolandi getur óskað meðferðar máls)

2 Starfsmaður - Ósk um / þörf á meðferð máls?

Í þeim **tilvikum þar sem ákveðið er að tilkynna mál (þ.e. tilkynnandi er ekki aðili máls) er ávallt rætt við meintan þolanda sem tekur ákvörðun um hvort óskað er meðferðar máls.**

Ávallt skal lögð rík áhersla á fagleg vinnubrögð, trúnað, að fylgja lögum og að unnið sé með málið í samráði við meintan þolanda.

3 Mannauðsstjóri - Mál stofnað í skjalakerfi

Mannauðstjóri stofnar mál í mannauðskerfi skólans. Þar skal v**ista EBL-0091 Skráning eineltis, áreitis, ofbeldis** - starfsfólk og skrá upplýsingar sem málinu tengjast. *Að*gerðahópur hefur *aðgangi að málinu ásamt skólameisturum, en enginn annar. Alla*r aðgerðir, samskipti, fundargerðir og aðrar upplýsingar eru færðar til bókunar í viðkomandi máli. ATH. ef mannauðsstjóri er aðili máls er það skólameistari sem er í hlutverki hans í ferlinu.

4 Mannauðsstjóri – Kemur saman aðgerðahópi

Mannauð**stjóri velur aðila í aðgerðarhóp eftir eðli máls.**

5 Aðgerðahópur - Rannsókn máls

Aðgerðahópur skipu**leggur rannsókn máls. Verkefnum er úthlutað til ei**nstakra aðila í aðgerðahópi svo sem að taka viðtöl við málsaðila og s**afna þannig gögnum; trúnaðarreglur s**kulu útskýrðar. Upplýsingar eru færðar inn í mál í skjalakerfi jafnóðum. Rannsókn máls er hætt þegar aðgerðahópur er sammála um að 1) nægilegar upplýsingar liggi fyrir, eða 2) að ekki sé hægt að afla frekari upplýsinga.

6 Aðgerðahópur - Ákvörðun um aðgerðir / viðurlög

Þegar rannsókn máls er lokið tekur aðgerðahópur ákvörðun um næstu skref, til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt. Ákvörðunin grundvallast meðal annars **á landslögum.**

7 Aðgerðahópur - Niðurstöður kynntar hlutað**eigandi**

Mannauðsstjóri boðar málsaðila hvern í sínu lagi til fundar og skýrir frá niðurstöðu aðgerðahóps. Þær aðgerðir og/eða viðurlög sem ákveðin voru koma til framkvæmda.

8 Aðgerðahópur – Eftirfylgni?

Aðgerðahóp**ur tekur afstöðu til þess hvort þörf sé á eftirfylgd og þá** hverslags.

9 Aðgerðahópur - Eftirfylgni

Aðgerðahópur fylgir máli eftir samkvæmt áætlun.

10 Aðgerðahópur – Lokun máls

Máli lýkur þegar eftirfylgni telst lokið (þegar það á við) annars þegar a**ðgerðahópur telur málinu lokið.**